

# Inngangur

Okkur er það ánægja að kynna *Kompás*, handbókina um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk!

Við vonum að hún gefi þér hugmyndir, innblástur og hvatningu til að starfa að mannréttindafræðslu með ungu fólki. Bókin var samin innan ramma áætlunar æskulýðs- og íþróttadeildar Evrópuráðsins um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk, sem var hleypt af stokkunum árið 2000 í tilefni af 50 ára afmæli mannréttinasáttmála Evrópu. Með áætluninni er stefnt að því að mannréttindi verði veigamikill þáttur í æskulýðsstarfi og mannréttindafræðsla verði þar með liður í almennri menntun.

Mannréttindafræðsla - í merkingunni námsáætlanir og verkefni sem stuðla að því að allir menn njóti jafnrar virðingar – hefur ómetanlegt gildi hvað varðar mótun evrópskrar borgaravítundar meðal allra íbúa álfunnar. Mannréttindafræðsla er þróuð í tengslum við aðrar áætlanir æskulýðs- og íþróttadeildar Evrópuráðsins, svo sem fræðslu um mismunandi menningu, þátttöku í samfélaginu, eflingu minnihlutahópa og ungmenna með rætur í minnihlutahópum, og getur hvatt til aðgerða og stuðlað að virku samstarfi. Þeir sem fást við óformlega fræðslu í æskulýðsstarfi þurfa að geta litið á mannréttindi, þróun þeirra, útfærslu og brýn úrlausnarefni í ljósi þess að þau eru algild, óskoruð og óafsalanleg, og einnig til þess hvaða þýðingu þau hafa fyrir ungt fólk nú á tímum.

Æskulýðs- og íþróttadeildin hefur, einkum með samvinnu sinni við æskulýðsmiðstöðvar Evrópu og æskulýðssjóð Evrópu (European Youth Centres og European Youth Foundation) öðlast mikla viðurkenningu fyrir sérfræðiþekkingu í þróun námsaðferða og námsefnis sem hentar jafnt í hefðbundnu skólastarfi, óformlegri fræðslu og við ólíkar menningarlegar aðstæður. Starf hennar með kynningaradílum, áhrif verkefna eins og æskulýðsherferðarinnar „*all different - all equal*“ og langtímaáætlun hennar um þjálfun; allt þetta hefur stutt að þróun verkefna sem fyrst og fremst beinast að grasrótinni en eru um leið sér- evrópsk.

Nýlegir atburðir, bæði í Evrópu og annars staðar í heiminum, eru ógn við frið og mannréttindi. Þeir sýna að brýn þörf er á skýrari og markvissari aðferð við mannréttindafræðslu.

Áætlunin um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk miðar þannig að því að:

- mannréttindafræðsla verði liður í almennu æskulýðsstarfi;
- óformleg fræðsla meðal ungmenna verði þróuð og viðurkennd sem fræðsla um mannréttindamáli;
- ungt fólk og æskulýðssamtök skapi grundvöll fyrir mannréttindafræðslu og borgaralegt samfélag í Evrópu;
- stuðlað verði að viðtækum skilningi á mannréttindafræðslu en jafnframt tekið tillit til margbreytni í menningar- og félagslegu umhverfi ungs fólks í Evrópu nú á dögum;
- komið verði á nýjum tengslanetum og samstarfshópum jafnt innan sem utan hefðbundinna kennslustofnana;
- stefnt sé að því að ná sem bestum árangri með því að fá til liðs fagfólk og samstarfsaðila á staðar- og landsvísu;
- fagfólki um alla Evrópu sé útvegað nýtt fræðsluefni og komið sé á samstarfsneti um æskulýðsstarf sem byggist á mannréttindafræðslu;
- fléttað sé saman reynslu, þvermenningarlegri og óformlegri fræðslu, þátttöku ungmenna og rannsóknunum;
- tekið sé mið af nýjungum í kennsluáðferðum og fjölmiðlun.

## Áttaviti fyrir þá sem starfa að mannréttindafræðslu

*Kompás* er þungamiðja þessarar áætlunar en einnig felst í henni stuðningur við staðbundin tilraunaverkefni, lands- og svæðisbundin þjálfunarnámskeið og sértækar aðgerðir sem tengjast ýmiss konar ofbeldi. Markmiðið var ekki að koma fram með „enn eina“ handbókina eða að brydda upp á nýjum aðferðum eða tillögum um mannréttindafræðslu heldur er megintilgangur þessa rits að gera mannréttindafræðslu aðgengilega, nytsama og gagnlega fyrir kennara, leiðtoga, sjálfbóðaliða og þjálfara sem vinna við að leiðbeina ungu fólki. Bókin er að mörgu leyti hógvært (en um leið metnaðarfullt) svar við spurningunni sem margir baráttumenn og kennarar spyrja: “HVERNIG förum við að?”

Reynslan af fræðsluverkefnum evrópsku æskulýðsherferðarinnar 1995, „*all different - all equal*“, gegn kynþáttamismunun og umburðarleysi sýndi að árangur af evrópskum fræðsluverkefnum af þessu tagi er háður því að:

- útvegaðar séu viðeigandi og aðgengilegar kennsluáðferðir og kennsluefni, svo sem námsefnið „*all different - all equal*“;
- slíkt efni sé aðgengilegt á móðurmáli notendanna;
- til séu kennarar og kynningaraðilar sem geta sinnt fræðslu og annast útbreiðslu slíks efnis á landsvísu og innan sveitarfélaga.

Hér kemur *Kompás* að góðu gagni. Evrópuráðið gefur ritið út á ensku, frönsku og rússnesku og hvetur til þess að það sé þýtt á önnur tungumál og staðfært. Skipuleg lands- og svæðisbundin þjálfunarnámskeið eiga að hjálpa þjálfurum og kennurum að kynna sér handbókina og tryggja að hún nái til skóla, samtaka og æskulýðshópa á hverjum stað. *Kompás* er bók sem á að hvetja til athafna.

Mikilvægt er að beitt sé þvermenningarlegum aðferðum við mannréttindafræðslu, eins og sjá má alls staðar í bókinni.

### **Opið vinnuferli með þátttöku margra**

Gerð *Kompás* reyndist vera risastórt verkefni. Efnissvið bókarinnar er mjög víðtækt - mannréttindafræðsla snertir hreinlega öll svið nútímalífs, og landfræðilegt og menningarlegt umfang er ótrúlega fjölbreytilegt. Aðstæður þeirra sem koma til með að nota bókina eru mjög mismunandi, jafnt innan sem utan hefðbundinna kennslustofnana. Strax í upphafi urðu eftirfarandi spurningar því áleitnar:

- Er hægt að ganga út frá því að mannréttindi séu fullkomlega algild en taka um leið tillit til tiltekinna aðstæðna og menningarlegrar fjölbreytni um alla Evrópu?
- Er nokkur leið að nota sömu handbók og aðferðir í ólíkum löndum?
- Er eitthvað í mannréttindum eða mannréttindafræðslu sem er sérstakt fyrir Evrópu?
- Er raunhæft að ein handbók geti hentað bæði í skólastarfi og óformlegri fræðslu?
- Hversu mikla fyrirframvitneskju ættu notendur að hafa?
- Er enn hægt að koma fram með nýjungar á þessu sviði?
- Verður markhópur bókarinnar fær um að nota hana?
- Er eitthvert vit í að búa til efni sem er sérstaklega ætlað til að fræða ungt fólk um mannréttindi?

Ekki reyndist unnt að svara öllum spurningum og sneiða hjá áhættu og vafa. Í þessu starfi varð ýmist að veita svör eða taka tillit til vafaatriðanna. Stefnit var að því að lokagerð bókarinnar yrði afrakstur reynslu og þekkingar á:

- mannréttindafræðslu;
- fræðslu um mismunandi menningu;
- æskulýðsstarfi;
- uppeldis- og kennslufræði;
- mannréttindasamtökum.

### **Stoðhópur og starfshópur**

*Stoðhópur* var stofnaður með því að láta boð út ganga í tölvupósti og á Netinu. Hlutverk hópsins var að vera höfundunum til halds og trausts. Hópurinn lagði einnig drög að efnisskipan og almennum kennsluáðferðum og tryggði að innsýn og sjónarhorn fengist úr öðru efni og annars konar reynslu.

Í stoðhópnum voru:

- Elie Abouaoun, Líbanon, *Nouveaux Droits de l'Homme-International*
- Anatoliy Azarov, Rússneska sambandsríkinu, *Moscow School of Human Rights*
- Patricia Brander, Danmörku, ráðgjafi, með reynslu af fræðsluefninu “*all different - all equal*”
- Ellie Keen, Bretlandi, hjá *Samtökum um mannréttindafræðslu og Amnesty International*
- Corina Michaela Leca, Moldóvu, *SIEDO - The Independent Society for Education and Human Rights*
- Marie-Laure Lemineur, Spáni og Frakklandi, ráðgjafi með reynslu frá *Friðarháskóla Sp (Kostaríka)*



- Brigitte Mooljee, Bretlandi, í borgararéttindahóp mennta- og atvinnumálaráðuneytisins
- Louise Nylin, Svíþjóð og Bandaríkjunum, ráðgjafi hjá *Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna* og hjá *People's Decade for Human Rights Education*.
- Bárbara Oliveira, Svíþjóð og Mósambík, ráðgjafi, fyrrverandi æskulýðsverkefnastjóri hjá *Amnesty International* í Suður-Afríku
- Eunice Smith, í deild sem fer með mannréttinda- og friðarmál á félags- og mannvísindasviði Unesco
- Alessio Surian, Ítalíu, hjá *Evrópusamtökum um fræðslu um mismunandi menningu*
- Olena Suslova, Úkraínu, hjá *Ráðgjafarmiðstöð um málefni kvenna*
- Wim Taelman, Belgíu, hjá *Flæmsku samtökunum um mannréttindafræðslu*
- Andrew Yurov, Rússneska sambandsríkinu, *Æskulýðsréttindahreyfingunni* og *Ráðgjafarnefnd Æskulýðsmiðstöðvar Evrópu* og *Æskulýðssjóðs Evrópu*
- Nancy Flowers, Bandaríkjunum\*, ráðgjafi, hjá *Miðstöð leiða í mannréttindafræðslu, Minnesotaháskóla*
- Jana Ondrácková, Tékklandi\*, höfundur áætlunar um mannréttindafræðslu og meðstjórnandi hjá *Helsinkinefndinni í Tékklandi*
- Vedrana Spajic-Vrkas\*, Króatíu, *Heimspékideild Króatíuháskóla í Zagreb*

Stoðhópurinn kom saman í apríl 2001 í Æskulýðsmiðstöð Evrópu í Búdapest á mjög öflugum og árangursríkum fundi. Á fundinum urðu til drög að efni og uppbyggingu *Kompáss*, þar á meðal var ákveðið hvaða helstu málaflokka skyldi fjallað um. Einnig voru reifaðar hugmyndir um vinnuferlið og prófun verkefnanna. Meðlimir starfshópsins, átta manna hópsins sem samdi textana í *Kompás*, voru einnig með í stoðhópnum. Aðrir í hópnum störfuðu sem ráðgjafar og leiðbeinendur höfundanna meðan á samningu ritsins stóð; starf þeirra var unnið í sjálfböðavinnu.

Starfshópurinn skipti með sér verkum þannig að tryggt yrði að hugmyndir og reynsla bærist sem greiðast milli manna, tímaáætlanir væru raunsæjar og verkefnið og ábyrgð væri skýr. Höfundar og prófaraklesarar voru tilgreindir fyrir hvern kafla og verkefni til að tryggja að hver texti væri lesinn yfir og gagnrýndur af að minnsta kosti tveimur eða þremur mönnum áður en aðrir í hópnum fengu að sjá hann. Hópurinn hélt þrjá fundi, í maí, júní og september 2001.

## Prófun og frágangur

Lokadrög textanna voru sett á Netið og notendur áætlunarinnar um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk og þjálfarahópur æskulýðs- og íþróttadeildarinnar fékk aðgang að þeim og gat gert athugasemdir og lagt fram tillögur um úrbætur. Þó að tíminn sem textarnir lágu frammi væri stuttur var þetta nýstárleg aðferð sem margir voru fúsir að taka þátt í.

Æskulýðssamtök, æskulýðsráð viðkomandi landa og aðrir aðilar að æskulýðs- og íþróttadeildinni voru beðnir að benda á kennslufni um mannréttindamál sem til væri í löndum þeirra á viðkomandi þjóðtungum. Svör voru mjög misítarleg og sumir listarnir voru býsna langir; því var ákveðið að hafa þessar tilvísanir aðgengilegar í rafrænu útgáfunni af *Kompási* og í stuðningsmiðstöð mannréttindafræðslunnar.

Sérstök áhersla var lögð á að fá til liðs eða ráðgjafar æskulýðssamtök með sérþekkingu á þeim málefnum sem tekin eru fyrir í handbókinni. Athugasemdir þeirra og tillögur voru ávallt gagnlegar.

Þátttaka í ákvörðuninni um heiti ritsins var einnig töluverð, yfir 20 tillögur um heiti bárust, einkum eftir auglýsingu sem sett var á lista Samtaka um mannréttindafræðslu (þeir sem voru á listanum fengu að kjósa þá tillögu sem þeim leist best á).

Svo að tryggja mætti samræmi í stíl og samhengi í efni og aðferðum sáu þrír ritstjórar um lokaútgáfu verksins. Ellie Keen bar ábyrgð á 1., 3. og 4. kafla, Marie-Laure Lemineur á itarefni um málefni og Patricia Brander vann að verkefnum og textum sem þeim tengjast. Rui Gomes, umsjónarmaður hjá Æskulýðsmiðstöð Evrópu í Búdapest og verkefnisstjóri, sá um endanlega ritstjórn.

\* var boðið en gat ekki mætt á fundinn.

## Hvað er í Kompási?

Stoðhópurinn hvatti starfshópin til að hafa efnið eins ítarlegt og yfirgripsmikið og mögulegt væri (svo að allir gætu fundið það sem skipti þá eða starf þeirra máli í handbókinni) en semja um leið handbók sem:

- notendur þurfa ekki að lesa alla til að geta notað hana; leiðbeinandi ætti að geta stýrt verkefni án þess að þurfa að lesa efni sem tengist verkefninu ekki beint,
- innihéldi lágmarksupplýsingar um ítarefni fyrir þá leiðbeinendur sem kynnu að vera viðkvæmir fyrir tilteknum mál-efnum (*Kompás* ætti að duga),
- væri fyrst og fremst hagnýt og byggð á raunhæfum verkefnum,
- væri aðlaðandi, endurspeglaði viðhorf ungmenna í Evrópu og væri verkfæri til að þróa með þeim félagslega færni og viðhorf svo og þekkingu og hæfni,
- legði áherslu á gildismat og félagsleg málefni en ekki (eingöngu) á formleg réttindi eins og þau eru skilgreind í sáttmálum,
- væri hægt að nota jafnt innan sem utan hefðbundinna menntastofnana,
- hefði ítarefnið í bakgrunni en ekki í fyrirrúmi svo að notendur gætu einbeitt sér að verkefnunum en vissu af viðbótarupplýsingum sem fletta mætti upp í.

### Þess vegna er *Kompás* skipulagður á eftirfarandi hátt:

1. kafli: Hér er útskýrt fyrir lesandanum hvað átt er við með mannréttindafræðslu. Ætlunin er að hvetja lesandann, vekja hjá honum áhuga og sýna honum hvernig hann nær bestum árangri með *Kompási* og kennsluáðferðunum sem þar er að finna,
  2. kafli: Hér er að finna 49 misjafnlega flókin verkefni þar sem tekin eru fyrir ólík málefni og fjallað um mismunandi réttindi,
  3. kafli: „Aðgerðir“, inniheldur hugmyndir og ábendingar fyrir þá sem vilja stuðla að mannréttindum í verki,
  4. kafli: Í honum eru ítarlegar upplýsingar um mannréttindi og alþjóðlegar reglur og samninga,
  5. kafli: Ítarefni til viðbótar um málefnið,
- Viðaukarnir:* Innihalda ítarlegar upplýsingar um lagalegar reglur og samninga því að mannréttindi snúast einnig um lög.

## Val á málefnum

Stoðhópurinn skilgreindi í upphafi sextíu og þrjú atriði sem fjallað skyldi um í *Kompási*. Þetta var allt frá hryðjuverkastarfsemi til líknardrápa. Erfitt reyndist fyrir starfshópin að skilgreina og ákveða aðferð til að flokka öll þessi málefni á skipulegan hátt. Á endanum voru valin fimmtán málefni sem eru: börn, borgaravitund, lýðræði, mismunun og útlendingahatur, menntun, umhverfismál, jafnrétti kynjanna, hnattvæðing, heilbrigði, mannöryggi, fjölmiðlar, friður og ofbeldi, fátækt, félagsleg réttindi og íþróttir. Þetta var erfið ákvörðun en hópurinn taldi þetta bestu leiðina til að skipuleggja verkefnið í 2. kafla. Hvenær sem spurningar eða vafi kom upp kusum við að ræða málin frá sem flestum hliðum. Hér var sextánda málefnið bætt við, almennum mannréttindum, sem ætlað er að skapa almennan skilning og vitund um mannréttindi í heild sinni. Í bókinni er ekkert ítarefni um þetta almenna málefni.

## Hindranir þjóðhverfunnar

Alvarlegasta vandamálið sem staðið var frammi fyrir við samningu *Kompáss* tengdist þjóðhverfu, því hversu bundið fólk er af hugsunarhætti eigin þjóðar. Með fjölbreytilegum bakgrunni og reynslu þeirra sem voru í starfshópnum var ætlunin að tryggja að mismunandi menntun, tungumálum og félagslegum aðstæðum væru gerð skil. *Kompás* skyldi vera sannevrópskt og þvermenningarlegt rit.

Ekki er ljóst hversu æskilegur eða raunsær þessi ásetningur nokkurn tíma var. Við áttuðum okkur t.d. á því að stundum höfðum við lesið efni á ólíkum tungumálum en vorum í rauninni að lesa og vísa til sömu heimilda. Sú staðreynd að upprunaleg útgáfa *Kompáss* var tekin saman á ensku varð auðvitað til þess að allir höfundarnir leituðu fyrst og fremst fanga á ritum um



Þessi efni á ensku og á Netsíðum á ensku. Vonandi hefur vitneskja okkar um þetta dregið úr skaðanum en það var ekki auðvelt að varast þessa hættu, sem er óhjákvæmileg afleiðing hnattvæðingarinnar! Það hefði líka verið ómögulegt að semja *Kompás* í 50 manna hópi sem skrifaði á 50 mismunandi tungumálum.

Pancho, skopmyndateiknarinn sem vann með okkur, gerði þessi vandamál vel ljós eftir að hann hafði verið beðinn um teikningar um og fyrir lesendur í Evrópu og spurði: „en hvernig á ég að teikna Evrópubúa?“

### Um aðferðirnar

Eins og áður var tekið fram var það ekki ætlun okkar að búa til „nýja“ handbók, heldur semja frekar efni sem allir þeir sem vinna að mannréttindamálum með ungu fólki geti átt auðvelt með að nota. Við áttuðum okkur á því að mikið af frábæru efni er þegar til.

Starfshópurinn hefur auðvitað haft það til hliðsjónar. Alls staðar þar sem þess var kostur höfum við getið um slíkt en biðjumst afsökunar ef það hefur einhvers staðar verið vanrækt. Þeir sem þekkja til verka af þessu tagi sjá einnig að ýmsar aðferðir hafa verið aðlagðar eða endurteknaðar í *Kompási*. Haldið var í þessar aðferðir vegna þess að markmið okkar var að útvega hentugt og gagnlegt verkfæri. Ef aðferð eða hugmynd hefur reynst vel á ekki að koma í veg fyrir að aðrir njóti hennar.

Aðlögun er einnig lykilorð í þessari bók. Þó að verkefnið geti í augum sumra virst vera tilbúnað lausnir þarf hinn virki notandi *Kompáss* að líta í kringum sig og íhuga hvar hann er staddur áður en hann ákveður hvert stefna skal. Tillögur eru settar fram í viðkomandi kafla um hvernig hægt sé að aðlaga verkefnið þannig að þau samræmist viðhorfum ungmennanna, falli að fræðslumhverfinu, falli innan tiltekins tímaramma o.s.frv.

Í bókinni er ætlunin að vísa á mismunandi leiðir sem hægt er að fara, og ber að fara, með tilliti til ólíkra menningar- og félagslegra gilda evrópskra ungmenna. Fjölbreytileiki aðferðanna er styrkur bókarinnar og tryggir að mannréttindi verði ekki að kreddu sem þröngvað er upp á fólk.

### Starfið á hverjum stað

Gerð *Kompáss* er aðeins upphafið. Verið er að skipuleggja þjálfunarnámskeið á vettvangi landa og landsvæða fyrir fólk sem starfar að æskulýðsmálum og við kennslu. Samhliða þessu verður bókin þýdd yfir á önnur mál. Upplýsingar um námskeið, stað og stund má fá á vefsvæði áætlunarinnar á <http://www.coe.int/compass>.

### Hvað varð eftir og hvað kemur næst?

Yfir tuttugu af þeim mörgu verkefnum sem starfshópurinn samdi varð að sleppa því að ekki var nægilegt rými fyrir allt. Heilu síðurnar af ítarefni varð að skera miskunnarlaust burt af sömu ástæðu.

Margir þessara texta eru tiltækir notendum í gagnvirkri útgáfu af *Kompási* á ensku, <http://www.coe.int/compass>. Sú útgáfa leyfir miklu meiri gagnvirkni milli texta og verkefna og þar verður, eftir því sem mögulegt er, tekið mið af tillögum og textum sem notendur koma fram með. Vefútgáfan tengist einnig námsefninu „All different – all equal“.

Í þessari handbók er ekki heldur ljósmyndapakki, syrpa ljósmynda sem varða mannréttindamál, skrár yfir kvikmyndir og söngvar um mannréttindi. *Kompás* á að gefa stefnuna, hvar lagt skal upp, við hvað skal stuðst. En bókin rúmar ekki allt. Áætlunin um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk á enn langt í land. Auðvitað er til ótal margt annað sem snertir mannréttindafræðslu en *Kompás*.

En *Kompás* getur orðið upphafið. Við vonum að þú njótir bæði gagns og gleði af notkun bókarinnar.